

Jónssyni 60 krónur í málskostnað áður liðnar
 séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa, að
 viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 10. júlí 1916.

Nr. 74/1915:

Á. T. Möller & Co.

gegn

Bergi Rósinkranssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað í héraði fyrir gestarétti Ísa-
 fjarðarsýslu af firmanu Á. T. Möller & Co. í
 Leith, gegn stefnda Bergi Rósinkranssyni kaupmanni
 á Flateyri, út af verzlunarviðskiftaskuld, að upphæð
 3110 kr., og var því ráðið til lykta með dómi gesta-
 réttarins, uppkveðnum 6. febr. f. á. á þá leið, að
 stefndi var algerlega sýknaður, og málskostnaður var
 látinn falla niður. Dómi þessum hefir nefnt firma
 Á. T. Möller & Co. áfrýjað til yfirdómsins með stefnu
 útgefinni 3. nóv. f. á., og hafa þeir gert þær réttar-
 kröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim
 áminsta skuld 3110 kr. með 6% vöxtum frá sátta-
 kærudegi 4. febr. 1914 til borgunardags, og máls-
 kostnað fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati rétt-
 arins, en síðar hafa þeir gert þá varakröfu, að stefndi
 verði dæmdur til að greiða skuldina, að frá dreg-
 inni þeirri upphæð, sem hann með eiddi synjar fyrir

að hafa viðurkent fyrir nafngreindum manni (Carl Proppé) árið 1911. Af annari hálfu hefir stefndi, Bergur Rósinkransson, krafist þess, að gestaréttardómurinn verði staðfestur, og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Þar sem hann einnig hefir heimitað sér tildæmdan hæfilegan málskostnað fyrir undirrétti, getur krafa þessi eigi komið til álita, með því að hann hefir ekki gagnáfrýjað málinu.

Sýknunarkröfu sína rökstyður stefndi með því, að hin umstefnda skuld sé fyrnd samkvæmt 3. gr. í lögum um fyrning skulda 20. okt. 1905, enda hefir gestaréttardómurinn fallist á þessa ástæðu. Samkvæmt reikningi áfrýjanda til stefnda, er fram hefir verið lagður fyrir gestaréttinum, hefir skuldin öll verið til orðin 1. jan. 1909, að öðru leyti en því, að síðan hefir vöxtum verið bætt við hana árlega. Hinn 8. marz 1909 hefir stefndi greitt upp í skuldina nokkra upphæð með fiski. Síðan hefir stefndi hvorki aukið skuldina með nýrri úttekt, né greitt nokkuð af henni eða upp í hana. Skuldakröfuna lagði áfrýjandi til sátta hinn 4. febr. 1914, áður en hann höfðaði mál þetta, og var fyrningarfræstur þá liðinn, að því er þessa skuld snertir, samkv. 3. gr. fyrningarlaganna. Áfrýjandi heldur því þó fram, að skuldin hafi ekki fyrnst, með því að stefndi hafi árlega fengið reikning fyrir henni. Í reikningunum hafi verið tilfærðir vextir af skuldinni, og hafi skuldin og vextirnir hækkað ár frá ári. Hafi stefndi með því að taka á móti reikningunum, þannig úr garði gjörðum, viðurkent skuldina. Þá hafi hann og beint viðurkent skuldina fyrir Carl Proppé.

árið 1911, er Proppé átti tal við stefnda um hana. Af annari hálfu mótmælir stefndi því, að hann hafi nokkru sinni viðurkennt skuldina, hann hafi þvert á móti mótmælt henni sem rangri. Hann neitar því, að hann hafi árlega fengið reikninga frá áfrýjanda, og hefir það eigi sannast gegn neitun hans. Hann kannast við, að hann hafi fengið reikning frá áfrýjanda síðast 31. desember 1911, án þess þó að hafa viðurkennt hann, enda er engin sönnun fram komin fyrir því. Og að því er samtalið við Carl Proppé snertir, þá sé svo langt frá því að hann hafi kannast við skuldina fyrir honum, að hann hafi þvert á móti gefið honum í skyn eða sagt við hann, að skuldin væri röng, og kemur þetta að nokkru leyti heim við vottorð Proppé í málinu.

Eins og áður er ávíkið, hafa málsaðilar engin viðskifti átt síðan 8. marz 1909 og það er augljóst að áfrýjandi gat eigi með því einu að rita vexti árs árlega í reikning stefnda varnað því að fyrning félli á skuldina; þó að stefndi tæki á móti reikningi yfir skuldina 31. desbr. 1911, verður alls eigi ályktað af því, að hann hafi viðurkennt hana, og þó að hann samkvæmt vottorði Carl Proppé hafi árið 1911 í samtali þeirra kannast að nokkru leiti við skuldina, sem hann að öðru leiti sagði ranga, þá er hér eigi um svolagaða viðurkenningu að ræða, sem 1. gr. fyrningarlaganna gerir ráð fyrir og nákvæmar er ákveðin í 6. gr. laganna með orðunum: »Nú viðurkennir skuldunautur skuld sína við kröfueiganda annaðhvort með berum orðum eða á annan hátt — t. d. með því að lofa borgun eða greiða vexti« o. s. frv.

Það verður því að fallast á það, að skuldin hafi verið fyrnd, er málssókn þessi var hafin; gestaréttardómurinn er því réttur og verður að staðfesta hann, einnig málskostnaðarákvæði hans, en eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi firmað A. T. Möller & Co. greiði stefnda Bergi Rósinkransyni málskostnað fyrir yfirdómi 40 kr., er lúkist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 31. júlí 1916.

Nr. 78/1915.

Réttvísinn

gegn

Sigfúsi Sveinbjarnarsyni.

D ó m u r :

Hinn ákærði Sigfús Sveinbjarnarson á Arnarstapa, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og hefir ekki áður sætt ákæru fyrir neinn glæp, var saksóttur fyrir aukarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu fyrir brot gegn 28. kapítula hinna almennu hegningarlaga,